

Ísafjarðarbær - Stjórnsýsluhúsið  
Hafnarstræti 1, Pósthólf 56  
400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 5. desember 2023  
Málsnúmer: 202311-0027  
BK

## Efni: Frístundabyggð í Dagverðardal - Skipulagslýsing

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 14. nóvember 2023, þar sem Ísafjarðarbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Um er að ræða áður ódeiliskipulagðan reit í Dagverðardal í Skutulsfirði. Deiliskipulag þetta er skilgreint fyrir landnotkunarflokkana frístundabyggð með möguleika fyrir verslun og þjónustu. Skipulagssvæðið er 8,2 ha og liggur við rætur Hnífafjalls í mynni Tungudals og Dagverðardals í Skutulsfirði. Að norðanverðu er gróin hlið og þar liggur Vestfjarðavegur nr. 60 um Tungudal. Að sunnanverðu afmarkast svæðið um veg sem liggur upp á Breiðadalsheiði sem hefur verið aflagður sem þjóðvegur þó að enn sé þar nokkur umferð. Sunnan svæðisins er grjótnáma og aðsetur Vegagerðarinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Eitthvað votlendi virðist vera innan svæðisins og ætti að forðast að raska því. Þar sem um er að ræða tiltölulega lítið frístundasvæði sem liggur nærri byggð og ýmsum öðrum mannvirkjum þá gerir Náttúrufræðistofnun ekki aðrar athugasemdir við skipulagið en að ítreka það sem fram kemur í greinargerðinni um að allt rask verði lágmarkað og hönnun húsa taki mið af því að falla sem best inn í umhverfið til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

